

5. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022. Haldinn miðvikudaginn

26. mars kl.16:15 í Félagsheimili Hrunamanna

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

Einnig mætti Marta Esther Hjaltadóttir

Dagskrá:

- 1. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, undirbúningur**
- 2. Átak við eyðingu á njóla og kerfli.**
- 3. Kynning á áfangastaðaáætlun.**

1. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, undirbúningur.

Rætt um hvernig staðið skuli að umhverfisverðlaununum 2019. Farið yfir hverjir hafa hlotið verðlaunin, rætt um að hvernig skuli staðið að vali og hugsanlega bæta við verðlaunaflokki. Setja þarf upp gátlista til að meta hugsanlega valkosti. Auglýsa skal eftir tilnefningum í Pésanum að aðilum sem eiga skilið verlaunin. Skoða að hafa verðlaunin sem skilti svipað og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Formaður tekur að sér að heyra í nágrennasveitarfélögunum hvernig þau standa að sínum verðlaunum.

2. Átak við eyðingu á njóla og kerfli.

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að farið verði í átak við að eyða njóla og kerfli í sumar innan Hrunamannahrepps eins og tekið var tillit til í síðustu fjárhagsáætlunargerð.

3. Kynning á áfangastaðaáætlun

Sameiginleg kynning með sveitarstjórn og atvinnuveganefnd. Laufey Guðmundsdóttir frá Markaðsstofu Suðurlands sá um kynninguna. Megin vinnan snýr að bæta ferðaþjónustuna á Suðurlandi með því að byggja á sjálfbærri þróun. Nálágast má upplýsingar um áætlunina inná <https://www.south.is/is/dmp>

Fundi slitið 18:30